



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 18. janúar 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir ásamt Arnar Ólafi Viggóssyni varamanni og Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 2. dagskrárlið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Var skýrsla sveitarstjóra flutt munnlega og til kynningar.

2. Rekstraryfirlit janúar-nóvember 2022 og fjárfestingayfirlit 1. janúar – 22. desember 2022.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið janúar-nóvember 2022 og fjárfestingayfirlit fyrir tímabilið 1. janúar – 22. desember 2022 sem Ólafur Þór verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlit lögð fram til kynningar.

3. Sala fasteigna – Suðurvegur 16

Fyrir fundinum lá tillaga um að setja fasteign sveitarfélagsins að Suðurvegi 16 – fasteignanúmer F2139018 merking 01 0101 á sölu. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða af sveitarstjórn. Var sveitarstjóra falið að annast sölu eignarinnar ásamt umboði til þess að ganga frá afgreiðslu og undirritun kaupsamnings vegna fasteignarinnar.

4. Breyting á Samþykktum um Stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar – síðari umræða.

Afgreiðslu frestað.



5. Persónuverndarstefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá uppfærð persónuverndarstefna Sveitarfélagsins Skagastrandar sem sveitarstjóri fór yfir. Var stefnan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða af sveitarstjórn. Var sveitarstjóra falið að birta uppfærða stefnu á heimasíðu sveitarfélagsins.

6. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

7. Bréf

a. Húnabyggðar dags. 13. desember 2022

Efni: Formleg slit byggðasamlaga

Fyrir fundinum lá erindi Húnabyggðar þar sem fram kemur að vilji sveitarfélagsins standi til þess að slíta samstarfsverkefnum sem rekin eru í byggðasamlagi um Félags- og skólaþjónustu A-Hún, Tónlistarskóla Austur Húnavetninga og byggðasamlag um menningar- og atvinnumál á fyrstu sex mánuðum 2023. Áður hefur verið fundað um málefnið. Fram kemur að slitameðferð Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál sé hafin á grundvelli samþykkis aðildarsveitarfélaga. Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir slit á Félags- og skólaþjónustu A-Hún í samræmi við ákvæði þar um í 95 gr. sveitarstjórnarlaga. Miða skuli við tveggja ára tímaramma laganna nema ásættanleg lausn finnist á skemmri tíma og þjónustunni verði komið í annan farveg án óásættanlegs kostnaðarauka eða skerðingar á þjónustu við íbúa. Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til þess að vera leiðandi sveitarfélag í rekstri Tónlistarskóla Austur Húnavetninga náist samkomulag um það.

b. Heilbrigðisráðuneytisins dags. 22. desember 2022

Efni: Ívilnun 28. gr. laga, nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna

Ráðuneytið hefir móttengið erindi sveitarfélagsins þar sem lagt er til við heilbrigðisráðherra að tekið verði til skoðunar að virkja þá ívilnun sem tilgreind er í 28. gr. laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna vegna brýnnar þarfar fyrir fleiri heilbrigðisstarfsmenn í sveitarfélaginu. Með erindinu er upplýst að heilbrigðisráðherra hafi skipað starfshóp þann 16.12.2022 sem koma eigi með tillögur að leiðum til að ná því markmiðið að aðgangur að ýmiss konar sérfræðiþjónustu á heilbrigðisviði óháð búsetu verði jafnaður. Ráðuneytið líti svo á að úrlausnarefnið er erindi sveitarfélagsins fjallar um verði leyst með skipun framangreinds starfshóps. Sveitarfélagið telur erindinu ekki hafa verið svarað með fullnægjandi hætti og óskar eftir því að það verði tekið til efnislegrar úrlausnar með tilliti til þess að nauðsyn sé að fá menntað heilbrigðisstarfsfólk til starfa í sveitarfélaginu eins og lýst



er í erindi til ráðuneytisins. Var sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með ráðherra vegna málsins.

c. Mennta- og barnamálaráðuneytið dags. 3. janúar 2022

Efni: Staðfesting samnings um barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi

Með erindinu er samningur um barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi staðfestur af ráðherra sbr. 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og hefur samningurinn verið birtur í Stjórnartíðindum sbr. auglýsing nr. 1627/2022. Var erindið lagt fram til kynningar.

d. Johanna Alatalo f.h. City of Lohja Finnlandi, dags. 12. janúar 2023

Efni: 700 ára afmæli Lohja

Með erindinu er fulltrúum sveitarfélagsins boðið að fagna 700 ára afmæli vinabæjarins Lohja í ágúst næstkomandi. Sveitarstjórn þakkar boðið og felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með stjórn Norræna félagsins á Skagaströnd til þess að ræða framtíð vinabæjasamstarfsins.

8. Fundargerðir

a. Stjórn Félags- og skólalþjónustu A-Hún dags. 14. desember 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Tónlistarskóla Austur Húnavetninga dags. 19. desember 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Slitastjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál dags. 12. desember 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV dags. 3. janúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar SSNV dags. 10. janúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 16. desember 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:22



Halldór Gunnar Ólafsson

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir

Erla María Lárusdóttir

HREFNA DÖGG ÞORSTEINSDÓTTIR

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Arnar Ólafur Viggósson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir